

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Þórshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	30.5.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jón Davíðsson	<b>Staðsetning</b>	664901,282 638279,838

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi og farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð fyrir stöðina. Farið var yfir kröfur um mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Fjórir geymar eru í stöðinni, þar af einn tvískiptur. Þrír af geymunum eru tvöfaldir og því engin þró um þá. Áfyllingarplan/afgreiðsluplan tengt olíuskilju er við geymana og reyndist allt í góðu lagi með geymana og olíuskilju. Olía á geymana er keyrð frá Akureyri.

Verksmiðjuolíugeymir stendur í mengunarvarnarpó aftan við stöðina. Löndunarlögn liggur frá bryggju upp í geyminn og afgreiðslulögn svo aftur að fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn. Geymirinn var þykktarmældur árið 2008 og lagnir þrýstiprófaðar árið 2015. Olíuskilja sem tengd er þró um verksmiðjuolíugeymi er einnig tæmd árlega, síðast 5. október 2016.

Engin mengunaráhöpp hafa orðið í stöðinni og ekki borist kvartanir. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (þró) og olíuskiljur. Tekið var á loka í frárennsli þróar um verksmiðjuolíugeymis og stóð hann lokaður. Girðingar og hlið voru í lagi.

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.08.2017

Gottskálk Friðgeirsson